



Reykjavík, 15. desember 2017  
Fundargerð 167. fundar

*Tilvísun: 00060002*

Föstudaginn 15. desember 2017 var haldinn 167. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgar-svæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skútahrauni 6 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur L. Haraldsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Theódóra Þorsteinsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, Ingveldur Þórðardóttir, skrifstofustjóri og Þorsteinn Karlsson, fjármálastjóri SHS.

Sigrún Lilja Sigmarsdóttir, innri endurskoðandi upplýsingatæknikerfa hjá Innri endurskoðun og Ólafur Kr. Ragnarsson, deildarstjóri hugbúnaðarþróunar SHS, sátu fundinn undir lið 1.

Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, sat fundinn undir liðum 1 og 2.

Brynjar Þór Friðriksson og Vernharð Guðnason, deildarstjórar á aðgerðasviði SHS, sátu fundinn undir lið 4.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

### **1. Innri endurskoðun, úttekt á upplýsingakerfum**

Innri endurskoðendur, Hallur Símonarson og Sigrún Lilja Sigmarsdóttir, kynntu úttekt á stjórnkerfi upplýsingaöryggis og upplýsingakerfum hjá SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samantekt niðurstaðna úttektar IE á upplýsingakerfum SHS, dags. 15. desember 2017.

*Afgreiðsla:* Engar athugasemdir gerðar.

### **2. Mönnun 2018**

Þorsteinn Karlsson fór yfir hugmyndir um fækkun stöðugilda í fjármálaeiningu SHS og ábendingar ytri endurskoðenda SHS vegna þeirra.

*Afgreiðsla:* Stjórn vísar málinu til skoðunar innri endurskoðenda til ráðgjafar og þá með tilliti til aðgreiningar starfa.

### **3. Gjaldskrá SHS 2018**

Slökkviliðsstjóri lagði fram gjaldskrá SHS fyrir árið 2018 til samþykktar og undirritunar formanns.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS, dags. 15. desember 2017.
- Minnisblað vegna gjaldskrár SHS 2018, dags. 15. desember 2017.

*Afgreiðsla:* Stjórnin samþykkir framlagða gjaldskrá fyrir árið 2016 fyrir sitt leyti og vísar henni til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

#### 4. Kynning á störfum SHS

Birgir Finnsson, Brynjar Þór Friðriksson og Vernharð Guðnason kynntu störf SHS við sjúkraflutninga utan alfaraleiða, björgun í sjó og vötnum og sjúkraþjónustu á vélhjólum.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 5. Önnur mál


Engin önnur mál.

**Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.**


Fundi slitið klukkan 10.00.

Fylgiskjöl:

- Samantekt niðurstaðna úttektar IE á upplýsingakerfum SHS, dags. 15. desember 2017.
- Gjaldskrá SHS, dags. 15. desember 2017.
- Minnisblað vegna gjaldskrár SHS 2018, dags. 15. desember 2017.



Dagur B. Eggertsson



Gunnar Einarsson



Ásgerður Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Theódóra Þorsteinsdóttir



Kolbrún Þorsteinsdóttir



Haraldur L. Haraldsson